



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2017

ENSK2HC05 Hagnýt enska

Kennarar:	Guðfinna Gunnarsdóttir, Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	GG, ÆE
------------------	------------------------------------------------------	---------------	-------------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni sem leggja áherslu hina fjóra færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

Undanfari: ENSK2HB05

Í lok annars þreps

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

Námsefni:

- ✓ New Headway Upper-Intermediate (4th edition), J.& L Soars
- ✓ Curious Incident of a Dog in the Night-time
- ✓ Efni frá kennara og á neti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt á Moodle.

Sérreglur áfangans:

Á **Moodle** verður haldið utan um efni áfangans. Þangað ýmis göng. Nemendur **verða** að fylgjast vel með upplýsingum þar, sérstaklega ef þeir missa af tíma.

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Nemendur sem missa af prófi og eru löglega afsakaðir þreyta það próf í lok annar, en þá verður aðeins einn tími notaður undir slík próf. Ef ekki er um leyfi í Innu að ræða: L / V / W er **gefin einkunnin 0/núll**.

Athugið að þessar reglur gilda einnig um alla nemendur áfangans og þeir verða að mæta í þessi próf eins og aðrir. **Nemendur sem eru fæddir 1997 eða fyrr** verða að ganga frá **samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar**.

Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway lokapróf	Próf úr öllum köflunum (april)	20%
The Curious Incident of the Dog in the Night-time	próf / munnlegt próf og ritunarverkefni	15%
Kvikmyndaverkefni	Orðaforði	5%
Short Docs verkefni	Ritun og munnlegt	5%
Short films/stories	Skrifleg verkefni	10%
Ritun	Tímaritgerð	5%
Verkefnamappa	Skilað í lok annar	40%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 3.janúar 2017

Kennarar: Guðfinna Gunnarsdóttir (kennslustjóri) og Ægir Pétur Ellertsson